

26. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, 15. júní 2017 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Árni Traustason (ÁT), byggingafulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Dagskrá:

1. Miðtún 1. Breytt notkun og skráning. - 1705040

Lagt fram bréf frá Skerplu ehf. þar sem óskað er eftir breyttri notkun húsnæðis við Miðtún 1. Breytt notkun felur í sér að breyta stofnanalóð yfir í íbúðarlóð.

Að mati nefndarinnar er ekki talið að umrædd breyting á notkun hafi áhrif á hagsmuni nærliggjandi lóðarhafa þar sem lóðin er umvafin íbúðarbyggð og ekki sé þörf á að grenndarkynna breytinguna.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.

2. Móatún 13. Umsagnarbeiðni, gististaður í fl. II. - 1705045

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 18.05.17 með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki II að Móatúni 13, Tálknafirði að hámarki 10 gestir.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykktu uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Húsið stendur í skilgreindu íbúðarhverfi.

3. Deiliskipulag - Þinghóll. - 1706010

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Þinghóls, skipulag frístundabyggðar og þjónustulóðar á milli Hólsár og skólasvæðis, dagsett 17.05.2017.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og sendar voru á sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar og auglýsa hana skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi. - 1706009

Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir stækkun á húsi H3 í Norður-Botni, landnr.140294, matshl.06. Erindinu fylgja upprættir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 25.03.2017.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar erindinu og kallar eftir skýrari gögnum. Nefndin óskar eftir afstöðumynd sem og skýrari afmörkun á stækkun hússins.

5. Aðalskipulagsbreyting - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1706011

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Greinargerð og uppráttur dagsett 31. maí 2017. Breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps eru í þremur liðum:

- 1. Breyting á landnotkun í útjaðri þéttbýlis, óbyggð svæði verða að opnu svæði til sérstakra nota.*
- 2. Breyting á stærð og afmörkun hafnarsvæðis.*
- 3. Stækkun þéttbýlismarka.*

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tillögunni verði vísað til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Árni Traustason (ÁT)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)
